

Góðan dag!

Neytendasamtökin hyggja á hringferð um landið í samvinnu við Bylgjuna til að tala við neytendur, sveitarstjórnir og fyrirtæki um land allt og sjá hvaða mál brenna helst á þeim, kynna samtökin og þann ávinning sem sterkur hagur neytenda færir fólki, fyrirtækjum og samfélaginu öllu.

Umræðuefnin eru fjölmörg: heildarstefnumótun í neytendamálum, samkeppnismál, flutningskostnaður, raforkuöryggi og -verð, dýrtíðin og svo mætti lengi telja.

Fyrir hönd Neytendasamtakanna munu formaður ásamt tveimur stjórnarmönnum taka þátt.

Við höfðum hugsað okkur að vera á Reyðarfirði miðvikudaginn 8.maí og langar að kanna hvort mögulegt sé að eiga fund með sveitarstjórn Fjarðabyggðar kl. 12 þann dag á skrifstofu sveitastjórnar

Það er að mörgu að hyggja við skipulagningu ferðar sem þessarar og fjölmiðlaumfjöllunarinnar og margt sem þarf að ganga upp. Því vonumst við eftir skjótum, og jákvæðum, viðbrögðum frá ykkur.

Ég veiti góðfúslega allar nánari upplýsingar hvort sem er í síma 8983242 eða tölvupósti breki@ns.is

Með góðri kveðju,

Breki

Breki Karlsson,
formaður Neytendasamtakanna

Neytendasamtökin eru frjáls félagasamtök sem borin eru uppi af félagsgjöldum. Ertu í samtökunum? Þú getur skráð þig hér: <https://ns.is/skra>